

BORGARRÁÐ 13. ágúst 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna framkvæmda á Óðinstorgi - R19030190

1. Hver er heildarkostnaður við Óðinstorg og nágrenni frá upphafi og miðað við daginn sem fyrirspurninni er svarað sundurliðaður eftir öllum verkþáttum tæmandi talið þ.m.t. hitalögn, torgið sjálft, allar nærliggjandi götur sem voru endurnýjaðar og s. frv.? 2. Hver er kostnaður Veitna ehf. í endurgerð Óðinstorgs og nágrennis? 3. Ber Reykjavíkurborg einhvern kostnað vegna Minjaverndar á svæðinu? 4. Hafa fallið til aukaverk sem ekki voru í samþykktu útboði? 5. Ef já—hver eru þau og hvað kosta þau tæmandi talið?